

# Þroskamat 12 mánaða

Athugið vel hvort áður hefur verið gerð athugasemd varðandi þroska barnsins sem þarf að fylgja eftir.

Ef barnið getur ekki **eitt atriði** í viðkomandi þroskamati en engar aðrar áhyggjur eru til staðar, er yfirleitt nóg að gefa ráðleggingar og athuga nánar í næstu heimsókn nema annað sér tilgreint í leiðbeiningum í töflu. Ef barnið getur ekki **tvö atriði eða fleiri** þarf að huga vel að öðrum þáttum og vísa áfram til barnalæknis eða annarra sérfræðinga til nánari athugunar.

	Lýsing	Framkvæmd/lýsing	Úrlausn ef frávik
Gróf-hreyfingar	<b>Gengur með stuðningi</b>	Athugað er hvort barnið geti gengið nokkur skref með stuðningi upp við borð, með því að halda sér í rimla rúms eða þegar foreldrar leiða það	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (18 mán) * Íhuga aukaskoðun eða tilvísun til sjúkrapjálfara
Fínhreyfingar	<b>Tangargrip</b>	Barnið situr í fangi foreldris. Smáhlutur t.d. lítill pappírshnoðri er lagður á borð fyrir framan það og athugað hvort barnið geti tekið hlutinn upp með vísifingri á móti þumli. Prófa þarf báðar hendur	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (18 mán) *
	<b>Flettir harðspjaldabók</b>	Fylgst er með því hvort barnið reyni að fletta harðspjaldabók	Ráðleggingar til foreldra
Samskipti og leikur	<b>Leikur sér með bolta</b>	Rúllið bolta til barnsins og fylgist með því hvort barnið reyni að taka þátt í einföldum boltaleik	Ráðleggingar til foreldra
	<b>Veitir mynd í bók athygli</b>	Barninu er sýnd einföld harðspjaldabók (lítill bók með einni mynd á blaðsíðu). Fylgst er með því hvort barnið stoppi við mynd í bók í augnablik og veiti henni athygli	Ráðleggingar til foreldra
Vitsmuna- og málþroski	<b>Bregst við eigin nafni</b>	Segið nafn barnsins þegar það er upptekið af öðru og horfir annað. Prófað nokkrum sinnum. Ef barnið lítur ekki upp, eru foreldrar spurðir um hvernig það bregst við heima	Ráðleggingar til foreldra Aukaskoðun eftir 2-3 mánuði Hafa í huga m.a. mögulega heyrnarskerðingu eða einkenni einhverfu**
	<b>Notar 1-3 orð</b>	Fylgst er með því hvort barnið noti 1-3 orð í sérstakri merkingu t.d. mamma, pabbi, datt, dudda. Athugið hvort barnið virðist vera að segja eitthvað sem líkist orðum eða hermi eftir hljóðum	Ráðleggingar til foreldra Aukaskoðun eftir 2-3 mánuði Meta í samhengi við aðra þroskaþætti Hafa í huga hugsanlega einhverfu ef fleiri einkenni til staðar **
	<b>Tjáir eigin langanir</b>	Fylgst er með því hvort barnið gefi til kynna vilja sinn eða langanir með bendingum, hljóðum eða látbragði	Ráðleggingar til foreldra Aukaskoðun eftir 2-3 mánuði Skrá rautt flagg fyrir einhverfu og skoða vinnulag m.t.t. þess **

\* Ef barn getur ekki aðra þætti í 12 mánaða skoðun og fleiri áhyggjuefni, þá aukaskoðun við 15 mánaða aldur

\*\* Skoða rauð flögg og einkenni sem geta bent til einhverfu sbr. Vinnulag þegar áhyggjur vakna af einhverfu í 18 mánaða skoðun